

Sp.

196. Nefndarálit

[42. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1960.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar.

Afgreiðsla fjárlaga hefur að þessu sinni verið með þeim óvenjulega hætti, að eftir að ríkisstjórnin lagði fram sitt upphaflega fjárlagafrumvarp, ákvað hún að gera svo stórar og margvíslegar breytingar á hinum veigamestu þáttum fjárhagskerfis landsins, að fjárlagaáætlanir hennar voru dregnar til baka án þess að hljóta nokkra meðferð Alþingis á s. l. ári. Nýtt fjárlagafrumvarp var svo lagt fyrir Alþingi í janúarlök, er þing hóf störf að nýju eftir hið óvenjulanga þinghlé í desember og janúar.

Hið nýja frumvarp var, svo sem boðað hafði verið, samræmt hinum nýju fyrirætlunum ríkisstjórnarinnar, að svo miklu leyti sem þær voru ljósar, en á því var nokkur skortur í ýmsum eignum og er raunar um sumt enn.

Þegar nýja frumvarpið birtist, kom fram í tölum þess ýmislegt, sem ekki var í samræmi við nein gildandi lög. Síðan hafa raunar verið lögð fyrir þingið nokkur lagafrumvörp frá stjórninni til að undirbyggja þær tölur, er kastað hafði verið fram í fjárlagafrumvarpinu. En ekki hafa þau öll verið í samræmi við það, sem fjárlagafrv. boðaði.

Sem dæmi um slíkt misræmi má nefna, að í greinargerð fjárlagafrumvarpsins hins síðara segir svo orðrétt um söluskatt: „Ekki er áformað að breyta núgildandi söluskatti af innflutningi . . .“. En í lagafrumvarpi því um söluskatt, sem ríkisstjórnin leitar nú eftir að fá lögfestingu á, er gert ráð fyrir að hækka gildandi söluskatt af innflutningi um 8.8%, þannig að heildarsöluskattur af innflutningi innheimtur við tollafgreiðslu verði 16.5%. En þrátt fyrir þessa hækkun, sem lofað var að ekki skyldi verða, áforma stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í fjárveitinganefnd nú að lauma allri þessari skattviðbót inn í texta frumvarpsins um söluskatt án þess að breyta þar nokkurri tölu um áætlaðar tekjur af hinni nýju skattheimtu. Það er þó staðfest af opinberum aðilum, að hinn nýi 8.8% söluskattur eigi samkvæmt innflutningsáætlun stjórnarinnar sjálfrar að leggjast á rösklega tveggja milljarða skattstofn og mundi því nema um 170 millj. kr., miðað við heilt ár. Á þeim 3 ársfjórðungum, sem eftir eru þessa árs, yrði þessi skattur því um 130 millj. kr. Hér hefur því annað tveggja skeð, að stjórnin hefur litla nákvæmni við haft við áætlanir sínar í upphafi eða hún ætlar að næla sér í drjúglegt skotsilfur fyrir hugsanlegum umframgreiðslum.

Enn hafa ekki verið sýndar á Alþingi neinar tillögur um breytingu á tekju-

skatti. Hins vegar stendur í fjárlagafrumvarpinu áætlunartala um tekjur ríkissjóðs af þeim skatti og er í algeru ósamræmi við núgildandi skattalög.

Meðan svo stendur, að verulegur hluti tekna ríkissjóðs er áætlaður ýmist eftir frumvörpum, sem óséð er, hvort samþykkt verða, eða eftir hugarórum stjórnarinnar, sem aldrei hafa verið svo mikið sem sýndir á þingskjali, þykir Alþýðubandalaginu ekki ástæða til að leggja fram sérstakar tillögur um tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins við þessa umræðu, en það miðar tillögur sínar við, að fjárlagaafgreiðslan verði hallalaus.

Með sérstöku tilliti til þess, hve stórkostlegt bil reynist vera milli þess, sem ríkisstjórnin hefur fullyrt í fjárlagafrumvarpi, og hins, sem hún gerir að tillögu sinni í söluskattsfrumvarpi, hlýtur Alþýðubandalagið að krefjast þess, að endanleg afgreiðsla fjárlaga fari ekki fram, fyrr en sýnt er, hverjar verða tillögur stjórnarinnar um breytingu á tekjuskatti.

Fjárlög ársins 1959 nema 1033 millj. kr. í tekjur og gjöld. Í frumvarpi þessa árs er niðurstaðan 1464 millj. kr. og á þó greinilega eftir að hækka í meðferð þingsins. Þessi hækkun nemur um 42%.

Það er ekki nýtt á okkar landi, þótt fjárlög hækki frá ári til árs. En hér er þó hækkunarskrefið miklum mun risalegra en venja er til, og veldur þar um mestu gengisfelling sú, sem ríkisstjórnin fékk samþykka nú í febrúarmánuði. Tekna ríkissjóðs er næstum eingöngu aflað með sköttum á þjóðfélagsþegnana og nú að langmestu í einhvers konar vöruverðsálagningu. Hækkun fjárlaga hlýtur því að koma svo að segja öll fram í vaxandi dýrtíð. Nú er það ekki heldur nýlunda, þótt vöruverð fari hér hækkandi. En það, sem nýtt er og sérstakt við alla þá fjármálalöggjöf, sem nú er framkvæmd og í ríkum mæli miðar að dýrtíðarhækkun, er ráðstöfun stjórnarvaldanna til þess að halda kaupgjaldi öllu óbreyttu og lögbanna verðlagsuppbætur á laun. Stjórnarráðstafanirnar skipa öllum þorra landsmanna þannig að draga saman seglin um útgjöld og spyrja engan, hvort hann geti þetta að skaðlausu.

Á sama tíma og ráðherrar gefa út sínar tilskipanir um þetta með lagaboðum, verður vart talið, að til of mikils sé mælt, þótt Alþingi gefi þeim hinum sömu samdráttarboðendum í stjórnarráðinu fyrir mæli um að spara svo sem 10% af útgjöldum stjórnarráðsins, utanríkisþjónustunnar og nokkurra stofnana, er heyra beint undir ráðuneytið. Af hálfu Alþýðubandalagsins er gerð tillaga um þetta.

Alþýðubandalagið telur, að svo vel og örugglega hafi þjóðinni miðað í framfaraát á undanförunum árum með aukinni framleiðslu og vaxandi þjóðartekjum, að ástæðulaust og óverjandi sé að láta hinar brýnustu nauðsynjaframkvæmdir dragast saman. Þannig hlýtur það að átelja þá stefnu ríkisstjórnarinnar að ætla að minnka þjóðvegalagningu, brúargerðir og hafnarframkvæmdir um fast að þriðjungu með því að veita í krónum talið sömu eða næstum sömu upphæð til þessara framkvæmda nú og í fyrra þrátt fyrir dýrtíðarvöxtinn. Vera má, að einhverjar framkvæmdir ríkisins mættu dragast saman að skaðlitlu, en um vegi, brýr og hafnir gegnir allt öðru máli, og gerir Alþýðubandalagið tillögur um þessa liði og miðar við, að framkvæmdir haldist svipaðar og á fyrra ári.

Um þær tillögur, sem fjárveitinganefnd hefur borið fram sem heild, er vert að taka það fram, að Alþýðubandalagið styður flestar þeirra, þótt það sé óskuldbundið um stuðning við einstakar tillögur. Varðandi nokkrar þeirra skal þó fram tekið, að af Alþýðubandalagsins hálfu var þegar í nefndinni lýst andstöðu við þær, svo sem t. d. tillögurnar um framlög til byggingar Atlantshafsbandalagsins í París og endurreisn skuldafangelsisins á Kviabryggju.

Um þær breytingartillögur, sem þessu nefndaráliti fylgja, skal þetta tekið fram:

Við 11. gr.

Ríkislögreglunni á Keflavíkurflugvelli eru ætlaðar nærri 4 millj. kr. af ríkisfé. Ekki hefur lögregla þessi þó reynzt þess megnug að vernda landsmenn þar fyrir

„verndurunum“ og engin von til, að fjármunir ríkissjóðs muni nokkru sinni til þess hrökkva að breyta þeirri staðreynd. Á hinn bóginn hefur nú orðið veruleg fækkun í her þeim, er lögregla þessi hafði við að stríða, og því þykir sanngjarnt að líta svo á, að fækka megi í ríkislögreglunni á Keflavíkurflugvelli um helming.

Við 13. gr.

Gerð er tillaga um, að nýbygging þjóðvega, brúargerðir og hafnar- og lendingabætur hækki í framlagi um 30%. Vitað var, áður en nýi söluskattsaukinn kom til sögunnar, að hækkun allra þessara liða yrði í framkvæmd eitthvað yfir 20%. Með 30% hækkun á framlagi til þeirra yrði því lítið meira en haldið í horfinu um þessar framkvæmdir og þó því aðeins, að ekki verði kaupbreytingar á árinu, sem ólíklegt má þó teljast.

Lagt er til, að framlag til endurbyggingar gamalla þjóðvega verði tvöfaldað, enda er víða svo komið, að það veldur óeðlilegum kostnaði að láta slíka endurbyggingu dragast svo mjög sem hún hlýtur að gera með óbreyttu framlagi á þessum lið. Kemur þar hvort tveggja til, að snjómokstur er víða óskaplegur á gamalruddum vegum eða vegum sokknum í mýrlendi, og einnig hið, að þar sem umferð er mest á þjóðvegum, er viðhald þeirra bæði mjög kostnaðarsamt og auk þess ófullnægjandi, og verður því ekki komið hjá að endurbyggja slíka vegarkafla úr varanlegu efni.

Upphæð sú, sem veitt er til steypu eða malbikunar gatna í kaupstöðum og verzlunarstöðum er svo lág, að hún kemur að engu gagni, og með tilliti til allra þeirra þarfa, sem að kalla einmitt í þessu efni, er lagt til, að til þessa verði varið 1 millj. kr.

Þá er lagt til, að framlag til sjúkortagerðar verði hækkað um 125 þús. kr., sem er nokkru lægri upphæð en vitamálastjórnin hefur sýnt fram á að til þyrfti að koma, til þess að vel væri séð fyrir þessari starfsemi, sem nýkomin er í hendur hérlendra aðila. Enginn getur efazt um nauðsyn nákvæmrar sjúkortagerðar hjá eyþjóð með ört vaxandi sjósókn og siglingar.

Við 16. gr.

Sýnt er, að með hækkandi vélaverði hrökkva fyrningarsjóðir ræktunarsambandanna hvergi til að endurnýja hvað þá að auka jarðvinnsluvélakost landsmanna. Ef ekki er að gert í þessu efni, mun ræktun landsins dragast saman, en það kallar beint á innflutning landbúnaðarafurða. Ekki verður séð, að slík þróun sé æskileg. Hér er gerð tillaga um, að 2½ millj. kr. verði af opinberri hálfu lögð fram til að bæta að nokkru þá verðhækkun, sem ella mundi á skömmum tíma drepa í dróma allar meiri háttar framkvæmdir í ræktun.

Baldvin Jónsson hefur með hugviti og mikilli tilraunastarfsemi sinni smíðað mjög vel nothæfar vélar til dúnhreinsunar, og eru vélar hans víða í notkun, sumar á stórum fiðurhreinsunarstöðvum. Nú er hann að vinna að vél, er reyti fiður af fugli, en mjög víða er fugl nú hamflettur til matar, svo að ekki notast að fiðrinu. Væri það hinn mesti fengur, ef til kæmi fiðurplokkunarvél, er leyst gæti hlutverk sitt sómasamlega. Hér er því lagt til, að veittar verði 60 þús. kr. til þessara tilrauna.

Leit að nýjum fiskimiðum hefur þegar fært þjóðinni ómetanlegan feng. Til þeirrar starfsemi er of lítið fé lagt, og væri hyggilegt að auka þá starfsemi til mikilla muna. Er hér gerð tillaga um að tvöfalda framlag til hennar.

Svipuðu máli gegnir og um síldveiðitilraunir við Suður- og Suðvesturland að hausti og vetri. Sýnilegt, er, að nú er í þeim efnunum að nást árangur, sem líklegt er að verða muni á komandi árum með drýgstu tekjugjöfum þjóðarinnar. Nú virðist aðeins vanta dálítinn herzlumun til að koma síldveiðum í vörpu og nót af tilraunastigi á þessum slóðum og í byrjun að nýjum, arðvænlegum atvinnuþætti. Til að flýta þeirri þróun er lagt til, að framlag í þessu skyni verði um það bil tvöfaldað.

Við 17. gr.

Gerð er tillaga um, að framlag til orlofsheimilis verkalýðssamtakanna verði hækkað upp í 1 millj. kr. Er það rúmlega tvöföldun frá því, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Hækkunartillaga þessi er miðuð við að bæta að nokkru það, sem framlag þetta var rýrt á síðustu fjárlögum, svo og verðhækkanirnar, sem nú eru til komnar.

Blindrafélagið, sem er samtök blinda fólksins sjálfs, á nú vist- og vinnuheimili í smíðum og hefur sýnt mikinn dugnað við þá framkvæmd. Með sæmilega myndarlegu framlagi ríkisins á þessu og næsta ári mundi félagið komast í hið nýja hús sitt og bæta mjög alla aðstöðu félaga sinna bæði til dvalar og vinnu. Hér er gerð tillaga um að veita hinu blinda fólki 500 þús. kr. byggingarstyrk, en varatillaga gerð um 300 þúsundir.

Við 19. gr.

Lagt er til, að stjórnarráðið, utanríkisþjónustan, dómgæzlan, lögreglustjórnin svo og tolla- og skattastofnanirnar spari að meðaltali tíunda hluta af áætluðum útgjöldum sínum. Er hér um sýnu minni sparnað eða samdrátt að ræða en hvert og eitt heimili hins óbreytta þjóðfélagsþegns stendur frammi fyrir að lögfestum efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar. En engu að síður sparar samþykkt og framkvæmd þessarar tillögu ríkinu útgjöld, sem nema hátt á 15. millj. króna.

Við 20. gr. Út.

Kennaraskólabyggingin nýja er nú svo á vegi stödd, að hún verður nothæf á komandi hausti, ef framlag til hennar verður hækkað dálítið. Húsnæðisþrengsli skólans nú eru hins vegar slík, að mál er að linni. Er hér því gerð tillaga um 1 millj. kr. hækkun.

Um nokkurra ára skeið hefur verið á 22. gr. fjárlaga ákvæði, sem heimilar ríkisstjórninni að kaupa nýtt sanddæluskip til almennra hafnarframkvæmda í landinu. Þrátt fyrir heimildina hefur ekkert gerzt í máli þessu, og vita- og hafnarmála- stjórnin er þess varbúin að leggja til hin nauðsynlegustu tæki til að framkvæma dýpkanir í höfnunum. Þetta á raunar ekki einasta við um dæludýpkanir, heldur og um mokstur að verulegu leyti. Dýpkunarskipið Grettir er ærið fornlegt og gerist nú slitið og er ólíklegt til að endast til stórataka um langan aldur hér eftir. Það kunna að vera áhöld um, hvort hyggilegra er að kaupa til hinna almennu hafnargerða moksturs- eða dæluskip fyrr, og skal það mat lagt á vald viðkomandi stofnunar. Hitt er greinilegt, að ekki verður hvort tveggja vanrækt öllu lengur, án þess að hafnargerðirnar bíði við það alvarlegt tjón, og því er hér lagt til, að 5 millj. kr. verði lagðar fram til kaupa á dýpkunarskipi og framkvæmdin þar með ákveðin á þessu ári, en tilsvarendi ákvæði þá fellt út af heimildargrein.

Alþingi, 15. marz 1960.

Karl Guðjónsson.